

## Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um verðmat á hlut Landsbankans í Borgun.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Var áður en sala á Borgun fór fram gert verðmat á vegum Landsbankans, Borgunar eða skyldra aðila á fyrirtækinu og/eða eignarhlut Landsbankans í því? Ef svo var, hvert var það verðmat?
2. Hafi verðmat ekki verið gert, hvert má þá ætla að andvirði hlutarins í Borgun hafi verið á söludegi á grundvelli sömu aðferða og bankinn ráðleggur, og beitir, við sölumeðferð fyrirtækja fyrir viðskiptavinum sínum?
3. Hvers vegna var ekki gerður fyrirvari í sölusamningi um auknar greiðslur til bankans við frekari verðmætaaukningu?